

HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Hafnarfjarðar- og
Kópavogssvæðis

Gardatorg 7 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • www.heilbrigdiseftirlit.is • hhk@heilbrigdiseftirlit.is

Stjóri B nr. 154/2000 sbr. og auglýsing Stjóri B nr. 1029/2012

Reglur um hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi

Almennt

1. grein

Hundahald er takmarkað í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, Hafnarfjarðar og Kópavogsbaðar með skilyrðum samkvæmt samþykkt þessari.

2. grein

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis í umboði heilbrigðisnefndar sér um skráningu og annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi á eftirlitssvæðinu og getur það leitað aðstoðar löggreglufirvalda, þegar þörf krefur.

3. grein

Sveitarstjórnir láta merkja ákveðin svæði þar sem ekki má vera með hunda, einnig skal merkja svæði þar sem sleppa má hundum lausum innan afmarkaðs svæðis. Slíkar merkingar skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Skráning

4. grein

Allir hundar sem haldnir eru á eftirlitssvæðinu eru skráningarskyldir. Skylt er að sækja um skráningu hunds til Heilbrigðiseftirlitis Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis eigi síðar en mánuði eftir að hann er tekinn á heimili og hvolpa eigi síðar en 4 mánaða gamla. Dveljist hundur tímabundið á eftirlitssvæðinu er heimilt að skrá hann til bráðabirgða, sem gildir þó aldrei lengur en 3 mánuði.

Hund skal skrá á nafn lögráða einstaklings og heimilisfang þar sem hundurinn er haldinn og er framsal óheimilt. Skrá skal heiti, fæðingardag, kyn, tegund og önnur einkenni hundsins.

Hundur sem sótt er um skráningu á skal örmerktur, með ISO-stöðluðu örmerki eða einstaklingsmerktur á annan hátt. Við skráningu hunda getur heilbrigðiseftirlitið leitað umsagnar löggreglu og annarra eftirlitsumdæma telji það ástæðu til. Óheimilt er að gefa út skráningarskíteini nema eftirtalin gögn liggi fyrir:

- Undirrituð umsókn.
- Greiðslukvittun skráningargjalds.
- Ormahreinsunarvottorð.
- Vottorð um einstaklingsmerkingu.
- Samþykki allra meðeigenda fjöleignahúss, ef við á.

Með skráningarskíteini er afhent plata fyrir hálsól þar sem fram kemur nafn og númer hunds, heimilisfang og símanúmer eiganda.

Skráðum eiganda hunds ber að tilkynna skriflega innan mánaðar aðseturskipti eða fráfall hunds.

Séu fleiri en 5 skráningarskyldir hundar á sama heimili gilda ákvæði viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum, sem kveða á um starfsleyfisskylda starfsemi.

Synji heilbrigðiseftirlitið skráningu getur umsóknaraðili skotið máli sínu til heilbrigðisnefndar til úrskurðar.

Sérstakar takmarkanir

5. grein

Óleyfilegt er að halda hund þar sem enginn býr. Um hundahald í fjöleignahúsi gilda ákvæði laga nr. 26/1994, með síðari breytingum. Um takmarkanir á aðgengi hunda gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar nr. 941/2002*, með síðari breytingum og reglugerðar nr. 103/2010* um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, með síðari breytingum.

6. grein

Bannað er að halda hunda af eftirfarandi tegundum:

- | | |
|--------------------------------------|--------------------------------|
| • Pit Bull Terrier. | • Fila Brasileiro. |
| • Toso Inu. | • Dogo Argentino. |
| • Blendinga af ofangreindum tegundum | • Blendinga af úlfum og hundum |

Bannað er að árásarþjálfa hunda á eftirlitssvæðinu eða skrá hund sem hefur verið árásarþjálfaður, nema hundur sé innan végbanda löggreglu.



Skyldur

7. grein

Eftirlitsaðili ábyrgðatryggir alla hunda hjá viðurkenndu tryggingafélagi, þannig að trygging nái til almenns tjóns, sem dýrið kann að valda, mönnum, dýrum, gróðri og munum.

8. grein

Skylt er að ormahreinsa hunda ár hvert. Vottorði um hreinsun skal skilað til eftirlitsaðila fyrir 31. desember ár hvert.

9. grein

Hundur skal ávallt vera í taumi á svæðum þar sem umferð ökutækja eða gangandi fólks er almenn og skal ávallt fjarlægja saur eftir hund. Óheimilt er að hafa hund tjóðraðan án eftirlits ábyrgs aðila.

10. grein

Hundeiganda eða umráðamanni hunds er skylt að sjá til þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði eða að hann raski ekki ró manna með stöðugu eða ítrekuðu gelti eða ylfri. Hundeiganda ber að sjá til þess að hundur hans sæti ekki illri eða slæmri meðferð. Eftirlitsaðili getur krafist þess að eigandi hunds sæki hlýðinánamskeið með hund sinn ef ástæða þykir til.

11. grein

Hafi eigandi ástæðu til að ætla að hundur hans sé grimmur eða varasamur skal hann sjá til þess að hundur hans sé ávallt myldur utan heimilis síns. Hafi hundur bitið mann og/eða er hættulegur getur eftirlitsaðili, tjónþoli eða forráðamaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður. Óski hundeigandi þess skal leita álits sérfróðs aðila, dýralæknis eða hundapjálfara sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis viðurkennir áður en ákvörðun um aflifun er tekin.

12. grein

Sleppi hundur frá eiganda eða umráðamanni skal viðkomandi gera tafarlausar ráðstafanir til að handsama hann.

Eftirlitslausa hunda skal færa í sérstaka hundageymslu og tilkynna eiganda (sé hundur merktur) handsömunina.

Sé hunds eigi vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, hann seldur fyrir á föllnum kostnaði eða aflífaður. Hafi óskráður hundur verið handsamaður er óheimilt að afhenda hann fyrr en að lokinni skráningu.

Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflifun skal að fullu greiddur af eiganda.

Gjaldtaka.

13. grein

Bæjarstjórn Garðabæjar, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og bæjarstjórn Kópavogsbaðar er heimilt að innheimta skráningar- og eftirlitsjöld í samræmi við gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitt þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Valdsvið og þvingunarúrræði

14. grein

Sé um alvarlegt eða ítrekað brot á samþykkt þessari að ræða eða sinni hundeigandi eða umráðamaður hunds ekki fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur eða breytingu á hegðan hunds getur heilbrigðisnefnd afturkallað skráninguna, bannað viðkomandi eiganda að vera með hund á eftirlitssvæðinu, gert hundeiganda eða umráðamanni að koma hundi fyrir á öðrum stað, viðurkenndum af eftirlitsaðila eða látið fjarlægja hundinn.

15. grein

Sveitarstjórnir ákveða með gjaldskrá gjald fyrir skráningu, eftirlit og handsömun sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd samþykktar þessarar.

Viðurlög

16. grein

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með brot út af samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mala og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Gildistaka

17. grein

Samþykkt þessi sem samþykkt er af hreppsnefnd Bessastaðahrepps 14. desember 1999, bæjarstjórn Garðabæjar 17. febrúar 2000, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 14. desember 1999 og bæjarstjórn Kópavogsbaðar 20. desember 1999, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Um leið fellur úr gildi samþykkt nr. 455/1997 um hundahald í Kópavogi, samþykkt nr. 515/1991 um hundahald í Hafnarfirði, samþykkt nr. 257/1983 um hundahald í Garðabæ og samþykkt nr. 114/1995 um hundahald í Bessastaðahreppi.

Ákvæði til bráðabirgða

Leyfi til hundahalds á eftirlitssvæðinu, sem veitt hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, verður breytt í skráningu. Að öðru leyti gildir samþykktin að fullu um þau leyfi.

Umhverfisráðuneytið 3. mars 2000.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson

Sigríður Stefánsdóttir